

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð dr. Olivers/(Dr. Oliver Foundation).

1. gr.

Stofnaðild, varnarþing o.fl.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður dr. Olivers/(Dr. Oliver Foundation) og starfar á grundvelli laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

Heimili og varnarþing sjóðsins er að Skildinganesi 22, 101 Reykjavík.

Stofnendur sjóðsins eru Sigurður Helgason, kt. 010546-2069 og Peggy Oliver Helgason, kt. 140750-7869.

Nafn sjóðsins skal vera Minningarsjóður Peggy og Sigurðar Helgason að stofnendum látnum. Stjórn sjóðsins skal sjá um að tilkynna og auglýsa þær breytingar þegar til þess kemur.

2. gr.

Markmið sjóðsins og styrkveitingar.

Markmið sjóðsins er að styrkja menningar- og líknarstarfsemi á Íslandi og erlendis á þann hátt sem stjórn sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

Stjórn sjóðsins skal úthluta styrkjum í samræmi við markmið sjóðsins eftir ákvörðun hverju sinni.

3. gr.

Stofnframlag o.fl.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.083.000, sem er framlag stofnenda hans. Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum sínum eignum. Stjórn sjóðsins getur leitað eftir gjafafé eða öðrum framlögum frá stofnendum sem og utanaðkomandi aðilum á Íslandi og erlendis.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á vörslu fjármuna sjóðsins og annarra eigna hans, en heimilt er að fela sérhæfðum aðila, t.d. bankastofnun, að annast fjárvörslu.

Tekjur sjóðsins skulu vera arður og vaxtatekjur af stofnfé auch framlaga utanaðkomandi aðila, hvers konar styrktarfé, gjafir og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað.

4. gr.

Stjórn sjóðsins o.fl.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum og einum varamanni. Stjórnin skal á stofnundi kosin til fimm ára. Eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn, en fyrrí stjórnarmenn geta verið kjörnir astur, einn eða fleiri. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða en stjórnarformaður ræður í jafnri atkvæðagreiðslu.

Stjórnin stýrir öllum málfnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Við ákvarðanir innan sjóðsins, þar með talið um úthlutun, ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna en stjórnarformaður ræður í jafnri atkvæðagreiðslu. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórnarmenn skulu ekki hljóta hlóknun fyrir störf sín.

Stjórn sjóðsins tekur allar ákvarðanir um rekstur hans og hvernig markmiðum sé best náð. Í því skyni skal stjórn sjóðsins setja sér sérstakar starfsreglur er kveða nánar á um verkaskiptingu stjórnarmanna og hvernig markmiðum sjóðsins verði best náð.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnarfundir eru lögmætir ef einfaldur meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra eða starfsmann sem vinna skal að markmiðum sjóðsins. Framkvæmdastjóri eða starfsmáður á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra eða starfsmanni ber að veita

Nr. 212

12. febrúar 2014

stjórnarmönum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir kunna að óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

5. gr.

Endurskoðun, starfsár, ársreikningur o.fl.

Stjórn sjóðsins skal velja löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafélag til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna sjóðsins.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Fyrsta reikningsárið er frá stofnun og til næstu áramóta. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings sjóðsins eigi síðar en 1. júní ár hvert. Endurskoðaður reikningur sjóðsins ásamt skýrslu stjórnar um hvernig fē sjóðsins var ráðstafað á árinu skal senda til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 30. júní ár hvert.

6. gr.

Breytingar á skipulagsskrá, slit, staðfesting o.fl.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal svo boríð skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 2. gr., eða skyldra markmiða.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 12. febrúar 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gísladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. febrúar 2014